

12. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2016-2017

Fimmtudaginn 10. janúar 2017 kl. 18.00 var haldinn fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn á skrifstofu félagsins að Síðumúla 15 í Reykjavík.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Þorsteinn Thorsteinson gjaldkeri, Pétur Alan Guðmundsson meðstjórnandi og Guðbjörg Guðmundsdóttir varamaður.

Þá sat Guðný Ísaksen fundinn. Herdís stýrði fundi en Guðný ritaði fundinn.

1. Styrktarsamningar félagsins.
2. Verkefnastjóri félagsins gerði stjórn grein fyrir styrkjum sem félagið hefur fengið á árinu 2016, þeim samningum sem til eru og hvernig fyrirkomulagið hefur verið. Nokkrar umræður urðu um fyrirkomulagið og var stjórn einhuga um að Guðný myndi með aðstoð sýningastjórnar hitta styrktaraðila félagsins á næstunni og stefnt yrði að því að gengið yrði frá skriflegum samningum.
3. Leiðbeiningar fyrir umsóknir veiðiprófa fyrir Tegundahóp 7
Misbrestur hefur verið á að umsóknir til stjórnar séu fullnægjandi og þær studdar nauðsynlegum gögnum. Þá hefur nokkuð skort á að kostnaðaráætlanir séu fullnægjandi og tæmandi. Þannig hefur verið mikið um að áætlanir séu af óraunhæfar og að skorti að gerð sé grein fyrir kostnaðarliðum sem síðan er ætlast til að félagið greiði. Stjórn leggur áherslu á að áætlanir séu unnar faglega og þar sé til fullnaðar gerð grein fyrir þeim kostnaði sem á fellur og að áætlun sé raunhæf. Til að bæta úr þessu voru unnar leiðbeiningar frá stjórn sem deildir gætu unnið eftir.
Leiðbeiningar vegna umsókna og kostnaðaráætlana um veiðipróf til stjórnar voru lagðar fram og samþykktar. Var Guðný falið að senda leiðbeiningarnar til stjórna deilda í tegundahópi 7.
4. Umsóknir um veiðipróf í Tegundahópi 7.
Stjórn kallaði eftir frekari upplýsingum frá deildum á síðasta fundi sínum til að geta afgreitt umsóknirnar. Fyrst var tekin fyrir umsókn Vorsteh deildar sem hafði lagt fram nýja endurbætta umsókn og fylgigögn. Stjórn samþykkir prófið á grundvelli umsóknarinnar og á þeim forsendum og þann kostnað sem þar er tilgreindur. Leiðrétt umsókn ISD um veiðipróf 2017 var samþykkt á grundvelli fyrirbyggjandi kostnaðaráætlunar. Ekki hafa borist gögn til stuðnings umsókn DESÍ og því miður ekki hægt að afgreiða hana þar sem ekki eru komnar allar staðfestingar um styrki, þá vantar reikningsyfirlit og önnur gögn sem vísað var til í umsókninni. Verkefnastjóra falið að óska eftir úrbótum og eins að bjóða stjórn DESÍ að mæta á næsta fund stjórnar sem áætlaður er 17. janúar n.k. til að ræða áætlaðan fjölda veiðiprófa. En ljóst er að deildirnar eru með svo þetta dagskrá að þátttakendur eiga erfitt með að skrá hunda sína enda mun skráningarfresti lokið áður en fyrra prófi er lokið sem er miður enda eru prófin fyrst og fremst fyrir þá sem taka þátt. Guðbjörg víkur af fundi meðan afgreidd er umsókn FHD. FHD hefur sent þau gögn sem vantaði og sent inn nýja umsókn. Deildin miðar við óbreyttan fjölda prófa auk nýrrar tegundar prófa en með tilkomu nýrrar deildar DESÍ er dagskráin mjög þétt og því spurning hvort deildir geti annað hvort haldið einhver próf saman eða dregið úr. Annars er hætta á að þátttaka minnki

frá fyrri árum og prófin verði haldin með tapi. FHD á hins vegar fjármuni til að standa undir því ef til kæmi en stjórn taldi rétt að boða stjórn FHD á fund til að ræða fjölda prófanna.

5. Umsókn FHD um veiðipróf fyrir meginlandshunda.

Á 11. fundi stjórnar var ákveðið að senda umsókn um veiðipróf fyrir meginlandshunda til umsagnar dómarráðs. Dómarráð fundaði og fjallaði um umsóknina og sendi stjórn afrit af fundargerð ráðsins. Eins hafa stjórn borist fjölmörg erindi og tölvupóstar þar sem umsókninni er annaðhvort ljáður stuðningur eða varað við að prófið sé í andstöðu við gildandi veiðiprófareglur. Nokkrar umræður urðu um þær sænsku reglur sem FHD ætlar að gildi í prófinu. Þær eru flóknar og stjórn hefur áhyggjur af því að þátttakendur komi ekki til með að vita hvers er ætlast til af þeim í prófinu og því að ekkert kynningarefni hafi verið útbúið. Þá er erfitt að halda slíkt próf þannig að það gildi til einkunna enda samrýmist það illa gildandi veiðiprófareglum og erfitt að sjá hvernig einkunn úr sænsku prófi sem ekki er til hliðstæða hér á landi geti gilt til uppsafnaðs árangurs. Stjórn fagnar frumkvæði því sem stjórn FHD sýnir og vill endilega hvetja til þess að haldið verði opið próf án þess að árangur verði skráður í kerfum HRFÍ og að prófið verði notað til að læra af því og deildin geti í framhaldinu unnið reglur og ef vel lukkast þá komi þessi tegund prófs til með að bætast í flóru prófa á Íslandi. Þar sem stjórn FHD verður boðuð á fund stjórnar í næstu viku telur stjórn tilvalið að ræða þessi mál og þær áhyggjur sem fram hafa komið.

6. NKU fundur 22. - 23. febrúar 2017.

Herdís gerir grein fyrir dagskrá fundarins sem haldinn verður hjá DKK. Samþykkt að HRFÍ sendi fulltrúa á fundinn.

7. RA ehf. Breytingar á stjórn og framkvæmdastjórn.

Í stjórn RA ehf. eru þau Fríður Ester Pétursdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Arinbjörn Friðriksson. Þau Jóna og Arinbjörn óskuðu eftir úrgöngu úr stjórn og gengið var frá skjölum þess efnis en láðst hefur að senda þau inn til fyrirtækjaskrár. Nauðsynlegt er að breyta stjórn RA ehf og framkvæmdastjórn félagsins. Samþykkt var að Daníel yrði formaður stjórnar, Þorsteinn og Pétur meðstjórnendur og Guðný Rut framkvæmdastjóri. Hrfí sem hluthafi mun halda hluthafafund í Ra ehf. og ganga frá þessu og skila viðeigandi tilkynningum til opinberra aðila.

8. Íþróttadeild, beiðni um samþykki keppnisdaga.

Samþykkt var að keppnir í hundafimi 2017 yrðu dagana, 11. febrúar, 8. maí, 7. október og 18 nóvember. Guðný gerir grein fyrir góðum rekstri hundafimi 2016 þrátt fyrir lélegan aðbúnað. Stjórn hrósar íþróttadeild gott gengi síðasta ár og felur Guðný að ýta á eftir upplýsingum um þann tækjabúnað sem íþróttadeild vantar til að halda uppi starfsemi.

9. Umsókn Svæðafélags HRFÍ á Norðurlandi um tvöfalt hlýðniþróf á Akureyri.

Með vísan til jákvæðrar umsagnar Vinnuhundanefndar 5. desember s.l. er samþykkt að halda vinnuhundapróf með því skilyrði að næg þátttaka náist.

10. Beiðni stjórnar Vorsteh deildar um frestun gildistöku siðareglna.

Stjórn Vorsteh deildar sendi inn beiðni um frestun á gildistöku siðareglna Veðiþrófsdómara fyrir tegundahóp 7 og bendir á ágalla á þýðingu siðareglna veðiþrófsdómara. Deildin býðst ennfremur til þess að láta lesa saman norsku reglurnar og íslenska þýðingu þeirra. Stjórn hefur boðað fulltrúa stjórnarinnar á fund til að ræða siðareglur og reglur um dómara ráð ásamt fulltrúum annarra stjórna deilda í tegundahópi 7. Er sá fundur fyrirhugaður 18. janúar n.k. Þykja ekki efni til að fresta gildistöku reglnanna að svo stöddu enda gefst á fundinum tækifæri til að setja fram breytingatillögur ef þörf krefur.

11. Erindi frá Deild enska setans og Vorsteh deild varðandi samþykkt reglna um dómara ráð.

Stjórnir Vorsteh deildar og deildar Enska setans telja að samþykktar reglur um dómara ráð stangist á við veðiþrófsreglur og benda í því samhengi á 12. gr. reglnanna sem fjalla um breytingu á veðiþrófsreglum. Stjórn telur erindin byggja á misskilningi þar sem reglurnar eru sjálfstæðar og fela ekki í sér breytingu á Veðiþrófsreglum heldur komi reglurnar til viðbótar þeim. Stjórn hefur að sjálfsögðu á sínu forræði að setja og breyta hvorutveggja. Komi til þess að stjórn breyti veðiþrófsreglum mun farið eftir gildandi reglu 12 gr. Veðiþrófsreglanna en því til viðbótar verður dómara ráð stjórn til ráðgjafar eins og reglur um dómara ráð kveða á um. Í erindum deildanna var jafnframt óskað eftir upplýsingum og skýringum á umsókn FHD um veðiþróf fyrir meginlandshunda. Er deildunum bent að hafa samband við stjórn FHD og afla upplýsinga um afdrif þeirrar umsóknar.

12. Uppskeruhátíð HRFÍ 2017.

Samþykkt að halda uppskeruhátíð 11. febrúar 2017.

13. Erindi DESÍ til stjórnar varðandi veitingu titils.

Í erindinu fer stjórn DESÍ fram á ítarlegan rökstuðning og greinargerð stjórnar vegna fyrri afgreiðslu máls hjá stjórn er varðaði athugasemd um starfshætti skrifstofu við veitingu titils. Við afgreiðslu þess skoðaði stjórn hvort ágalli væri á gildandi reglum þannig að mistök hefðu orðið við veitingu titils og hvort efni væru til að endurskoða reglurnar að þessu leyti og eins var fjallað um verklag hjá skrifstofu Hrfí. Stjórn telur sig ekki skylt að verða við erindi þessu og vísar því á bug. Ekki eru efni til að fjalla frekar um málið nema í næstu endurskoðun á Veðiþrófareglum fyrir Tegundahóp 7. Stjórn harmar hins vegar að samskipti við stjórn ræktunardeildar sé með þessum hætti sem ekki getur talist eðlilegt.

14. Áfram frítt árgjald fyrir nýja hvolpaeigendur?

Um sex hundruð félagsmenn voru með frí árgjöld á árinu 2016. Til þess að sjá hvort frítt árgjald fyrir nýja hvolpaeigendur skili sér í fjölgun félagsmanna samþykkti stjórn að gefa nýjum hvolpaeigendum frítt árgjaldið 2017 fyrir eigendur hvolpa sem ættbókarfærðir

verða hjá félaginu á árinu og leggja síðar mat á það hversu margir skila sér í áframhaldandi starfi á þessu og næsta ári.

15. Fulltrúaráðsfundir.

Stjórn samþykkti að halda tvo fulltrúaráðsfundi á næstu misserum þar sem annars vegar yrði til umfjöllunar lagabreytingatillögur fyrir næsta aðalfund hjá félaginu. Hins vegar hefur stjórn ákveðið að halda stefnumótunardag þar sem skólamál og fræðslumál félagsins verða til umræðu. Guðnýju var falið að vinna að undirbúningi og yrði fyrirkomulagið rætt og borið uppá fulltrúaráðsfundi.

Í lok fundar var farið yfir þau mál sem eru á lista yfir mál í vinnslu hjá stjórn og forgangsraðað hvaða mál væru efst á lista. Þá kom til umræðu neikvæð umræða á síðum sem væru starfræktar undir merkjum félagsins en stjórn hefur áhyggjur af því að neikvæðni og ómálefnaleg gagnrýni oft á aðra félagsmenn sem gegna trúnaðarstörfum innan félagsins smiti útfrá sér og aftri því að nýtt fólk vilji taka þátt í starfi félagsins.

Fundi slitið kl. 21.00. Næsti fundur stjórnar boðaður 17. janúar kl. 18.00.

Herdís Hallmarsdóttir, Pétur Alan Guðmundsson, Þorsteinn Thorsteinson og Guðbjörg Guðmundsdóttir.